

Viðauki 4 – Afreksstefna ÍF 2013 – 2020

Sérstakar aðstæður hjá C-hópum ÍF

Boccia

Boccia á Íslandi hefur undafarin ár aðallega verið stundað í flokkum sem viðurkenndir eru á Norðurlöndunum en finnast ekki innan flokkunarkerfis IPC. Boccianefndin fær því leyfi til að skilgreina Norðurlandameistaramót (haldið annað hvert ár) sem C-hóps verkefni.

Ástundun og markmið:

Til að tilheyra C-hóp ÍF í Boccia með möguleika á þátttöku t.d. á NM þurfa að liggja fyrir skýr markmið um hvernig viðkomandi íþróttmenn ætli að ná lengra í sinni íþrótt. Þessi markmið þurfa að vera unnin af íþróttamanninum, þjálfara hans og landsliðsþjálfara greinarinnar. Markmiðin þurfa að liggja fyrir áður en samþykkt er að viðkomandi íþróttamaður/lið fara í U-hóp ÍF

Viðmiðunar æfingartímar til að geta verið NM hópi ÍF í Boccia

NM hópur BOCCIA:

Flokkar	Á velli (klst á viku)	Heima (klst á viku)	Liðleiki (klukkustundir á viku)
BC – 1	6	4	2
BC – 2	6	4	2
BC – 3	6	5	2
BC – 4	6	5	2
Klasse 1 (NM)	8	6	2
Klasse 2 (NM)	8	6	2
Klasse 3 (NM)	8	6	2
Klasse 4 (NM)	8	6	2

Borðtennis- og skíðanefnd

Til að borðtennis og skíðafólk geti verið á stigalista IPC þurfa þeir að keppa við aðra keppendur sem eru á stigalista. Það kostar mikla peninga að ferðast um allan heiminn til að keppa á stigamótum IPC og því getur verið erfitt að meta hvað telst sambærilegur árangur við að ná lágmörkum á EM, því það eru ekki gefin út lágmörk á það mót. Þessar íþróttanefndir þurfa því að hafa leyfi til að rökstyðja óskir um að fá að meta keppendur inn sem C-hóps menn á forsendum eins og gengi á æfingum og keppnum innanlands sem hægt er að nota til að meta möguleika einstaklinga til að vera ofarlega á þessum listum.